



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

ÚTLÁN

Bókasafn Orkustofnunar

**Landmælingar vegna kortagerðar
á Nýjabæjarfjalli í ágúst 1992**

Gunnar Þorbergsson

OS-93073/VOD-13 B

Desember 1993

útlán



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 720.645

**Landmælingar vegna kortagerðar
á Nýjabæjarfjalli í ágúst 1992**

Gunnar Þorbergsson

OS-93073/VOD-13 B

Desember 1993

EFNISYFIRLIT

	Bls.
TÖFLUSKRÁ	2
MYNDASKRÁ	2
1 INNGANGUR	3
2 HÖNNUN OG MERKING	3
3 FERÐASAGA	4
4 MÆLING OG ÚRVINNSLA	6
4.1 Pólmæling	6
4.2 Úrvinnsla	6

TÖFLUSKRÁ

1 Myndir teknar 26. ágúst 1993	3
2 Punktar merktir með dúkum	7
3 Hnit og hæðir þekktra punkta	8
4 Pólmælingar	8

MYNDASKRÁ

1 Nýjabæjarfjall. Mælt í ágúst 1992	5
---	---

1. INNGANGUR

Í tengslum við áætlanir um virkjun Jökulsáanna í Skagafirði var Forverk hf fengið árið 1976 til að teikna kort Orkustofnunar í mælikvarða 1:20.000 af Hofsafrétti, eftir að merking, mæling og myndun úr lofti hafði farið fram sumurin 1974 og 1975. Kortin ná lítið austur fyrir Eystri-Jökulsá. Með breyttum hönnunarforsendum vatnsvirkjana (þ. e. ódýrari jarðgangnagerð) reynist nauðsynlegt að kortleggja hluta Nýjabæjarfjalls einnig.

Landmælingamenn Orkustofnunar, GP og KP, óku á R-62276 og NG-875 frá Reykjavík í Varmahlöð í Skagafirði 5. ágúst 1992 og notuðu þyrluna TF-HHO frá flugvelli skammt frá Varmahlöð við mælingar á Nýjabæjarfjalli 7.–12. ágúst. Þyrlan er af gerðinni Hughes D-300 og tekur ekki nema einn mælingamann með búnaði. Við ókum því R-62276 daglega inn á Giljamúla og tókum þar bensín á þyrluna eftir þörfum.

Notkun þyrlunnar tókst vel, enda var veður til mælinga gott, þótt þoka sækti reglulega á mælisvæðið síðla dags. Þyrlan hélt til Reykjavíkur að kvöldi 12. ágúst, en daginn eftir notuðum við báða bílana við að ljúka mælingunum, enda voru þá aðeins eftir þrjú punktar á láglendi. Reikningur frá Þyrlubjónustunni hf hljóðaði upp á 30 flugtíma á 20.000 kr/klst og 53 biðtíma á 2.000 kr/klst.

Fremur snjólétt var á Nýjabæjarfjalli 1992, en ekki tókst að mynda það ár. Árið 1993 var snjóþungt. Seint í ágúst, þegar snjóað hafði á mælisvæðinu, en að mestu tekið upp aftur, ákváðum við að freista myndatöku til að hægt væri að kortleggja hluta svæðisins, þó að efsti hluti þess næðist ekki.

Myndað var undir skýjum, og náðust góðar myndir í tveimur fluglínnum. Myndir í þriðju fluglínunni, sem er yfir hæsta hluta svæðisins, eru ónothæfar, bæði vegna snjóá og vegna þess að ekki var hægt að fljúga í réttri flughæð vegna skýja. Við teljum að myndirnar nægi til að kortleggja svæðið, sem þörf er á vegna virkjunarrannsókna.

2. HÖNNUN OG MYNDUN

Á mynd 1 eru sýnd mörk svæðis, sem áður hefur verið kortlagt, ásamt blaðskiptingu korta í mælikvarða 1:20.000 og 1:25.000. Landmælingar Íslands óskuðu eftir að mælt væri nokkru stærra svæði en til stóð, þannig að hægt væri að teikna kort 1915-IVSV og 1915-IVSA að fullu, en í staðinn voru þær fúsar til að bera kostnað við flug vegna myndunar úr lofti.

Á Orkustofnun var útbúin mæliáætlun eftir að við höfðum ráðfært okkur við sérfræðing á Hnit hf. Áætlunin var í aðalatriðum eins og mynd 1 sýnir. Ákveðið var að mynda í þremur fluglínnum, en að auki vildu Landmælingar Íslands mynda í fjórðu línunni. Myndpunktar NY05 og NY33 voru settir til að hægt væri að nota myndir úr henni við að teikna kort 1915-IVSV.

Áðrir myndpunktar á mælisvæðinu voru teiknaðir á kort og númeraðir eins og mynd 1 sýnir. Ákveðið var að setja þrjú punkta, þar sem 7509 og 7510 eru á myndinni, og til stóð að þriðji punkturinn væri settur, þar sem síðar kom stöð ST46. Þar reyndist ekki vera klöpp eða steinn til að setja bolta í, og varð því að notast við hæl. Staðurinn er ekki sýndur á mynd 1.

Tafla 1. Myndir teknar 26. ágúst 1993

Lína	Teknar myndir	Notaðar myndir
1	4592–4609M	
2	4521–4538M	4523–4536M
3	4539–4558M	4542–4555M
4	4574–4591M	

Línurnar eru númeraðar 1–4 sunnan frá.

Díapósítívrur voru pantaðar hjá Landmælingum Íslands í samræmi við töflu 1 (notaðar myndir). Þar sem myndir í fluglínu 4 eru ekki nothæfar til kortagerðar, er ekki hægt að teikna kort 1915-IVSV og 1915-IVSA að fullu eins og Landmælingar Íslands höfðu í hyggju. Díapósítívrur í fluglínu 1 (syðstu línunni) voru ekki pantaðar að sinni.

3. FERÐASAGA

Við tókum á móti þyrlunni TF-HHO að morgni 7. ágúst á flugvelli skammt frá Varmahlíð. KP ók á R-62276 inn á Reyðarfell, en flugmaður og GP fóru og gengu frá nokkrum punktum (ABS, 7509, ST46, NBF, REY, 7510 og GDK). Minnstu munaði að ekki tækist að koma þyrlunni í gang í ABS. Við tókum bensín á Reyðarfalli, þegar það hentaði, og komum fljúgandi til Varmahlíðar um kl. 20, en KP kom skömmu síðar akandi.

Þann 8. ágúst var lent við ST46 og stillt upp þar. Við höfðum orðið að láta hæl nægja á þessum stað daginn áður. Farið var í NY44 og NY45, settir dúkar og reistar stikur með speglum. Síðan var haldið aftur í ST46, punktarnir tveir mældir inn og stikurnar síðan sóttar. KP var nú fluttur frá REY í 7510, en þegar byrja átti að mæla varð ljóst að ljós frá handluktum sáust ekki á 15 km færi og varð flugmaðurinn að sækja stærri ljóskastara og rafhlöður í bílinn á Reyðarfalli. Settir dúkar í NY44, NY45, NY11, NY12 og NY13 og þeir mældir inn frá 7510. Settur var hjálægur dúkur við 7510, KP fluttur að bílnum og svo flogið til Varmahlíðar.

Þann 9. ágúst var beðið eftir flugvirkja til að gera við þyrluna, og kom hann með leiguflugvél frá Reykjavík. Viðgerð var lokið kl. 13 og flogið af stað um kl. 15. Nokkrir gamlir punktar voru endurmerktir á meðan KP ók á Reyðarfell. Hann var svo fluttur í 7510. Dúkar voru settir í NY21, NY54, NY58, NY23, NY22 og NY24 á Kerlingarhnúk. Ekki var drepið á þyrlu í NY24, heldur fór flugmaður til KP og beið hjá honum á meðan mælt var. KP var svo fluttur á Reyðarfell og GP sóttur á Kerlingarhnúk. Þá var þokan, sem hafði sótt inn yfir mælisvæðið þegar á daginn leið, rétt neðan við punktinn. Flogið var niður Austurdal undir skýjum.


Þann 10. ágúst var farið með R-62276 á verkstæði og varahlutir pantaðir, en ákveðið að nota bílinn með því að leggja honum þannig að hann rinni í gang. KP ók að Stafsvötnum og JK flaug með GP í 7510,

sótti KP og flutti kann í NBF og sótti svo GP, eftir að mælingu milli NBF og 7510 var lokið, flutti hann í NY60 og flaug strax til KP í NBF. Þegar mælingu milli NBF og NY60 var lokið, var KP fluttur í ABS og GP sóttur. Settir voru dúkar í NY59, NY55, og NY50. JK sótti bensín á meðan GP mældi í NY50, flutti svo GP í NY51 og í bíl að mælingu lokinni. Þá var komin þoka, en JK tókst að sækja KP og flytja hann að Stafsvötnum. Síðan flugu JK og GP með vegi vestur Giljamúla og niður Vesturdal. GPS-leiðsögutækið í þyrlunni sýndi ágæti sitt þennan dag.

Þoka var að morgni 11. ágúst, en létti til svo að hægt var að halda af stað um kl. 11. KP ók að Stafsvötnum á meðan dúkur var settur í NY33 og hann mældur inn frá 9890 á Stafsvatnahæð. GP var fluttur í ABS og KP í 7509 og mælt þar á milli. Dúkur í NY48 og hæl í ST46 voru mældir inn frá 7509 og NY49 frá punkti KT1, sem KP setti tæpa 500 m frá 7509. Síðan voru settir dúkar í NY43, NY42 og NY02 og þeir mældir inn frá 7509. GP mældi fjarlægð frá 7509 til KT1 á meðan KP var fluttur að bíl við Stafsvötn. Komið var á hótél um tífuleytið.

Þann 12. ágúst var flogið að Ásbjarnarvötnum og þaðan í NY05. KP ók að vegi að Egilsá og var fluttur þaðan á Elliða, en þaðan var dúkur í NY05 mældur inn. KP var fluttur í 5543 og GP í NY01, NY41 og svo að bíl, en KP sóttur og fluttur á flugvöll við Varmahlíð. Sett var bensín á þyrlu og hún flaug svo til Reykjavíkur.


Þann 13. ágúst ók KP að Stekkjafötum, setti upp ljós í punkti 5542 og stillti upp nálægt Gilsbakka, en GP ók á NG-875 inn í Austurdal og setti dúk í NY52. Að mælingu lokinni hélt KP aftur í 5542, en GP setti dúka í NY04 og NY03 og ók svo í KT2. Þessir þrír punktar voru mældir inn frá 5542 og var mælingu þar með lokið, en þá bilaði R-62276 þrefaldri bilun eins og segir í dagbók. Okkur tókst þó að koma honum á verkstæði í Varmahlíð um kl. 4 eftir hádegi og ákváðum að gista eina nótt í viðbót í Varmahlíð.



MFH
△

— Vegir

— Mörk korts, mælisvæðis



Mynd 1. Nýjabæjarfjalli
Mælt í ágúst 1992

4. MÆLING OG ÚRVINNSLA

Við mælingarnar voru notaðir hornamælur af gerð Wild-T2 og lengdarmælur að gerð Geó-dímeter 114. Signöl voru reist í GDK, 7509, ABS, NBF, REY og 7510, en mælingamaður setti upp ljós (handlukt ofan á tæki eða ljóskastara á sérstökum þrífæti), þegar mælt var á punktinn, sem hann var staddur í. Við lengdarmælingu var gerð veðurathugun í báðum endum línu. Hæðarhorn voru mæld sem næst samtímis í báðum endum línu.

Settir voru tveir varanlegir punktar, 7509 og 7510, en ekki var klöpp eða steinn í ST46, þar sem ella hefði komið þriðji varanlegi punkturinn. Mæling ST46 út frá 7510 gekk illa og er sennilega ónákvæm, hún er því aðeins notuð sem prufa. Við höfum reiknað 7509 og 7510 sem pólmælda punkta, og ST46 er reiknaður sem pólmældur punktur út frá 7509.

Þegar 7509 og 7510 voru mældir inn voru lárétt horn mæld í fjórum lotum, en aðrir punktar voru mældir inn með pólmælingu og vor þá lárétt horn mæld í tveimur lotum. Lóðrétt horn voru ávalt mæld í tvöfaldri lotu (rétt, hverft, hverft, rétt) og sem næst samtímis í báðum endum línu.

4.1 Pólmæling

Við pólmælingu er annar mælingamaðurinn í þekktum punkti, sem þá er kallaður »póll«. Hann reynir að fylgjast með hvar þyrilan lendir á stað, þar sem settur er punktur kallaður »endi« hverju sinni.

Mælingamaður í enda rekur niður rör og stillir þrífæti og hornamæli yfir því, kveikir ljós og kallar í talstöð »komið ljós«. Mælingamaður í pólnum kallar »ljósið er gott« (eða biður um lagfæringu), mælir lárétt horn, venjulega í tveimur lotum, milli signals og ljóssins og því næst lóðrétt horn á ljósið, og kallar síðan í talstöð »ljós að koma upp«. Hann setur svo ljós ofan á tækið.

Mælingamaður í enda mælir lóðrétt horn og kallar í talstöð t. d. »nfu prismu«. Mælingamaður í pólnum tekur hornamælinn niður, setur prismun upp, kallar í talstöð »prismu komin upp«, og hefur veðurathugun.

Mælingamaður í enda gerir veðurathugun og skráir hana og skráir veðurathugun í pólnum, sem hann fær upplýsingar um í talstöð. Hann mælir svo fjarlægðina. Hann skráir tækishæð og ljóshæð í enda, hefur samband við mælingamann í pólnum og þeir skiptast á ljóshæðum (báðar ljóshæðirnar eru skráðar í báðum endum til að hvorug gleymist). Að lokum er settur dúkur með miðju yfir rörinu. Raðað er steinum á rönd dúksins, þannig að hann endist í nokkur ár.

4.2 Úrvinnsla

Tölvuforrit **pol** var notað við að reikna út úr mælingunum. Niðurstöður eru í töflu 2, þar sem hnit og hæðir merktra punkta eru gefin. Þar er einnig að finna númer loftmyndar, sem punkturinn sést á, og myndhnit. (Þegar loftmynd er haldið þannig að númer hennar snýr rétt við áhorfenda, eru myndhnitin mæld í millimetrum frá neðra kanti upp að punktinum og frá hæggra kanti til vinstri að punktinum). Vegna nýsnævis, sem tók upp að mestu, er óvíst að tekist hafi að greina alla merktu punktana frá sköflum á loftmyndunum. Þetta kann að seinka eitthvað fyrir myndmælingunni.

Í töflu 3 eru hnit þekktra punkta gefin. Einnig eru hnit nýju punktanna 7509 og 7510 sýnd þar. Í töflu 4 eru pólmælingarnar skráðar. Báðar skrárnar í töflum 3 og 4 eru notaðar sem inntak með forriti **pol**.

Mælingarnar eru skráðar í mælibækur, sem merktar eru Nýjabæjarfjall 1992/1 og Nýjabæjarfjall 1992/2.

Loks er lýsingar á punktum 7509 og 7510 að finna á bls. 9.

Tafla 2. Punktir merktir með dúkum				
x-vestur	y-norður	hæð	nafn	myndhnit
519027.21	528966.42	1164.66	7510/60	4553M-078-055
519708.93	520152.04	914.75	9886	4524M-187-129
522755.57	518883.33	858.78	9887	4524M-140-055
523857.86	521668.83	917.88	9888	4524M-073-099
530893.38	527315.17	944.43	9891	4527M-073-101
553081.04	537014.21	588.00	GDK	
539995.50	531647.21	870.80	ABS	4530M-036-047
526778.46	524854.89	958.00	NBF/60	4527M-203-111
549273.94	546713.22	472.96	NY01	4535M-079-219
546791.94	543812.40	969.41	NY02	4535M-176-201
553348.40	542625.17	262.28	NY03	4535M-056-077
550194.91	540197.46	347.58	NY04	4535M-152-072
547412.52	529919.45	559.76	NY05	4602M-001-073
520985.52	539377.41	1152.06	NY11	
518596.66	538211.83	1119.17	NY12	
522257.45	532830.53	1087.43	NY13	4553M-216-025
516823.36	528116.27	1172.01	NY21	4555M-198-041
518544.57	525026.61	1010.53	NY22	4555M-182-138
522103.23	524951.46	979.29	NY23	4524M-060-200
514844.56	524665.27	1060.15	NY24	4555M-095-085
541103.19	524225.62	677.31	NY33	4602M-216-059
546694.56	549690.41	206.30	NY41	4543M-165-062
543190.94	548439.29	1112.15	NY42	4543M-073-025
538531.96	544424.30	1000.49	NY43	4545M-072-038
530861.13	543038.51	1153.44	NY44	4581M-157-100
526517.04	544040.76	1166.07	NY45	
533308.97	541059.52	1051.80	NY48	4547M-068-022
541010.09	539872.35	972.20	NY49	4533M-181-207
529635.86	537909.05	1098.07	NY50	4550M-200-031
537301.81	535966.36	947.79	NY51	4530M-025-185
544480.09	535645.56	256.83	NY52	4533M-162-065
524352.51	533938.01	1149.33	NY54	4550M-013-030
533650.18	533931.72	978.66	NY55	4530M-138-198
527819.45	529091.74	1009.02	NY58	4527M-113-189
537551.99	529217.85	869.11	NY59	4530M-127-033
530990.81	523381.22	765.21	NY60	4527M-133-015

/60 við nafn mælistöðvar táknar að dúkur er hjálægur
Dúkur í ABS er yfir steini með bolta, sem hæð miðast við

Tafla 3. Hnit og hæðir þekktra punkta

543191.	548447.	1111.3	BGH	*3V	1351	BORGARGERPISHNJUKUR.GI	OS69
553081.04	537014.21	588.00	GDK	*3B	5540	GODDALAKISTA	OS76
545102.27	533855.31	789.28	5541	*3B	5541	ELLIDI MERKTUR	OS76
550834.60	541841.25	227.73	5542	*3BE	5542	STEKKJAFLATIR VESTAN	OS76
552924.53	546977.17	274.36	5543	*3B	5543	FLATATUNGA AUSTAN	OS76
526768.80	524841.16	958.84	NBF	*2B	5575	NYJABAEJARFJALL	OS76
526617.71	514689.57	800.61	REY	*3B	5576	REYDARFELL	OS76
540420.70	516870.33	814.9	LAF	*3B	5583	LAMBARFELL	OS76
539995.50	531647.21	870.8	ABS	*2B	5584	ABAER SUNNAN	OS76
538996.63	522500.23	713.05	9890	* R	9890	MERKTUR	OS76
543925.56	541655.11	1094.44	7509	*4B	7509	BAKKADALUR N	OS92
519027.60	528962.34	1164.93	7510	*4B	7510	LEYNINGSDALUR S	OS92

Tafla 4. Pólmælingar

PóllÚtg.Endi Lárétt	Fjarlægð	Hpp	Hhp	Hhe	Hle	Lóðrétt	Hlp	Lóðrétt
7509ABS KT1 3838920.	47445.	166	159	163	1531020567.	144	979874..	
7509ABS ST463257604.	1524993.	166	159	134	066 996909.	1661004494..		
5542GDK KT2 2947652.	242582.	111	115	150	158 994220.	1211005944..		
7509ABS NY422306889.	682488.	144	159	129	137 998683.	1661001932..		
9999								
7510NBF ST46 885859.	1558508.	137	129	129	129 999869.	1691001534..		
7510NBF NY111193141.	1059928.	123	129	141	0671001280.	136 999700..		
7510NBF NY121341076.	926116.	123	129	131	0601003601.	135 997260..		
7510NBF NY13 868537.	504075.	123	129	136	1451009996.	136 990442..		
7510NBF NY212544757.	236146.	132	132	133	141 998197.	1391002026..		
7510NBF NY54 789862.	728904.	125	132	134	1421001670.	139 998951..		
7510NBF NY58 320808.	879559.	125	132	132	1401011675.	138 989107..		
7510NBF NY233727901.	505858.	132	132	137	1451023573.	138 976853..		
7510NBF NY223233694.	396891.	132	132	129	1371024942.	138 975392..		
7510NBF NY242819996.	599879.	125	132	130	1381011381.	138 989140..		
NBF REY 75102698034.	8773647	133	139	108	116 985452.	1471015317..		
NBF REY NY60 797531.	447207.	139	139	144	1521027757.	146 972626..		
ABS NBF NY59 195610.	344609.	150	150	141	1491000478.	157 999823..		
ABS NBF NY553477453.	674579.	144	150	135	143 990095.	1571010427..		
ABS NBF NY503351338.	1210889.	157	150	129	054 988632.	1541012467..		
ABS NBF NY513052461.	509152.	150	150	126	134 990597.	1571009793..		
ABS NBF 75092459241.	1075571.	127	134	159	166 987236.	0571013791..		
7509ABS NY483273894.	1063494.	144	159	129	0671003095.	166 997913..		
7509ABS ST463257604.	1524993.	166	159	134	066 996909.	1661004494..		
KT1 7509NY491709778.	298758.	152	163	139	0631023174.	170 977280..		
7509ABS KT1 3838920.	47445.	166	159	163	1531020567.	144 979874..		
7509ABS NY432936253.	606454.	144	159	130	1381010162.	166 990378..		
7509ABS NY422306889.	682488.	144	159	129	137 998683.	1661001932..		
7509ABS NY021648954.	359017.	144	159	128	1361022413.	166 977954..		
5541GDK NY053097916.	457000.	151	162	142	1501032202.	169 968174..		
5543GDK NY013035949.	366561.	149	149	132	140 965666.	1551034626..		
5543GDK NY412728511.	679557.	143	149	127	1351006696.	155 993905..		
KT2 5542NY522360733.	673259.	150	150	142	150 999618.	1561000951..		
5542GDK NY043486438.	176801.	111	115	144	152 956760.	1211043353..		
5542GDK NY03 915148.	263347.	111	115	144	152 991681.	1211008529..		
5542GDK KT2 2947652.	242582.	111	115	150	158 994220.	1211005944..		
ST467509NY44 428814.	285510.		129	100	1401007342.			
ST467509NY451394663.	358168.		129	100	1401003667.			
9890LAF NY331279160.	272348.		141	150	1701008409.			
7510NBF -60 1372778.	410.		108	135	1351000000.			
NY427509BGH 1830128.	698.		129	144	1441000000.			

Hp=hæð prisma, Hh=hæð hornamalis, Hl=ljóshæð, ..p=f pól, ..e=f enda

S T Ö Ð V A R L Ý S I N G		Stöðvarnúmer/nafn OS-7509
Skammst. upplýs. B	Stytt heiti	Stöðvarheiti/lýsing Bakkadalur N
Tegund stöðvar Prms.		Landshluti/svæði Skagafjörður
Merki		Áletrun
Bolti/skjöldur		OS-1992-7509
Stofnun	Stöð sett ár/mán.	Stöð sett af
Orkustofnun	1992/08	GP
Lýsing		
<p>Á fjalli milli Bakkadals og Tungudals 5 km austur af Gilsbakka.</p> <p>Vestast á flötum hnúk 3 km SA við Eiríkshnúk og rúman kólómetra SV við Mosgilsskarð. Bolti í jarðföstum sléttum steini 1,5 m í þvermál. Frá staðnum hallar niður í átt til Elliða og Goðdalakistu og sjást báðir príhyrningapunktarnir á þeim stöðum.</p> <p>Farið var í punktinn í þylu. Styttst er á veg við Gilsbakka.</p>		
N	MNA NA ANA A ASA SA SSA (S)	Skygghorn í gráðum ef það nær heilum tug
S	SSV SV VSV V VNV NV MNV (N)	Starsta skygghorn < 5 gráður
Ljósmynd af stöð		
		Kort/hnit lesin nema annað sé gefið 1915 IV C761
Breidd (ónákvæm)	Lengd (ónákvæm)	Lýsing gerð
65°22.24'	18°56.65'	1094 m GP

S T Ö Ð V A R L Ý S I N G		Stöðvarnúmer/nafn OS7510
Skammst. upplýs. B	Stytt heiti	Stöðvarheiti/lýsing Leyningsdalur S
Tegund stöðvar Prms.		Landshluti/svæði Eyjafjarðarsýsla
Merki		Áletrun
Bolti/skjöldur		OS-1992-7510
Stofnun	Stöð sett ár/mán.	Stöð sett af
Orkustofnun	1992/08	GP
Lýsing		
<p>Á hæð 4,5 km suðvestan Torfufells og 4,5 km norðvestan Urðarvatna.</p> <p>Boltinn er í kúptum steini 1 m í þvermál og 0,3 m að hæð vestast á sléttum melhrygg. Frá punktinum sést til príhyrningapunkta á Reyðarfelli og Nýjabæjarfjalli (NBF).</p> <p>Farið var á þylu á staðinn.</p>		
N	MNA NA ANA A ASA SA SSA (S)	Skygghorn í gráðum ef það nær heilum tug
S	SSV SV VSV V VNV NV MNV (N)	Starsta skygghorn < 5 gráður
Ljósmynd af stöð		
		Kort/hnit lesin nema annað sé gefið 1915 I C761
Breidd (ónákvæm)	Lengd (ónákvæm)	Lýsing gerð
65°15.55'	18°24.44'	1165 m GP